

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um kaup lífeyrissjóða á íbúðabréfum 30. maí sl.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvaða 26 íslensku lífeyrissjóðir keyptu 30. maí sl. þau íbúðabréf sem ríkissjóður hafði eignast vegna samkomulags Seðlabankans við Seðlabankann í Lúxemborg um kaup á skuldabréfum Avens B.V. sem voru í eigu Landsbankans í Lúxemborg?
2. Hvaða íslensku lífeyrissjóðir tóku ekki þátt í kaupunum?
3. Stofnuðu lífeyrissjóðirnir félag um kaupin eða sá hver lífeyrissjóður um kaupin fyrir sig?
4. Hvert var hlutfall hvers lífeyrissjóðs fyrir sig af 87,6 milljarða kr. kaupum þeirra?

Skriflegt svar óskast.

